

3. BEKKUR skólaárið 2024 – 2025

Námsáætlun í stærðfræði

Traust undirstaða í stærðfræði er grundvöllur fyrir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum. Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að ná góðum tókum á stærðfræði og hæfni í að setja fram og leysa þrautir. Einnig þurfa nemendur að öðlast hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og tungumál stærðfræðinnar til að ræða og færa fram rök fyrir tilgátum, útreikningum og niðurstöðum. Nemendur þurfa að tileinka sér hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. Nemendur þurfa að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og hafa trú á eigin getu. Nemendur þurfa að finna að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg í daglegu lífi.

Kennarar: Dagný Gísladóttir, Guðrún H. Guðmundsdóttir og Heiðrún B. Jónsdóttir

Haut - viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Vor - viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
Ágúst - september - Tölfræði - Að nemendur kunni að skrá fjölda, búa til súlurit og lesa úr þeim - Hugtökin fæstir og flestir - Flokkun - Samlagning og frádráttur - Þriggja stafa tölur	Miðað er við að nemendur geti - Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði - Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans í daglegu lífi - Notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri til rannsókna og samræðna um stærðfræðileg viðfangsefni - Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar	Símat byggt á frammistöðupáttum: - Virgni - Vinnubrögð - Færni - Skilningur - Einbeiting	Janúar - febrúar	Miðað er við að nemendur geti - tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði - sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans í daglegu lífi - notað hugtök og táknmál úr stærðfræði og hentug verkfæri til rannsókna og samræðna um stærðfræðileg viðfangsefni - túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar	Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti. Stærðfræðispæjarar 2 Ýmis aukahefti.	Símat/kaflakönnun

3. BEKKUR skólaárið 2024 – 2025

	með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál			með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál		
September - október	Nemendur geta notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman. Nemendur geta notað tugakerfisrithátt. Nemendur geta notað myndmál, frásögn og texta jafnhliða táknmáli stærðfræðinnar og unnið með innbyrðis tengsl þeirra.	Símat/kaflakönnun	Febrúar - mars	Nemendur geta kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti. Nemendur geta fundið lausnir á jöfnum með óformlegum aðferðum og rökstutt lausnir sínar, t.d. með því að nota áþreifanlega hluti.	Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat/kaflakönnun
Október - nóvember	Nemendur geta áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðluðum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða. Nemendur geta unnið með mælikvarða og lögun.	Símat/kaflakönnun	Mars - apríl	Nemendur geta túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál. Nemendur geta tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni. Nemendur geta lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.	Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat/kaflakönnun
Nóvember - desember	Nemendur geta notað hugtök úr rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu. Nemendur geta gert óformlegar rannsóknir á tví- og þríviðum formum, teiknað skýringamyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu. Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við að reikna samlagningar-, frádráttar-, margföldunar og deilingardæmi.	Símat/kaflakönnun	Apríl - maí	Nemendur geta lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð. Nemendur geta leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum. Nemendur geta reiknað með náttúrulegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	

3. BEKKUR skólaárið 2024 – 2025

	Nemendur geta leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir.					
			Maí - júní	Nemendur geta leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringamyndir. Nemendur geta undirbúið og flutt stuttar kynningar á eigin vinnu með stærðfræði. Nemendur geta unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.	Sproti 3a og 3b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	